


Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs
Ráðhúsinu
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. desember 2009

Tilvísun: UST20091000049/ksj

Hólmsheiði - athafnasvæði. Greinargerð og skipulagsskilmálar

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar er barst 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um Hólmsheiði, deiliskipulag athafnasvæðis.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillögu athafnasvæðis

Skipulagsforsendur

Í umfjöllun um skipulagsforsendur kemur fram að áætlað athafnasvæði á Hólmsheiði er innan vatnsverndarsvæðis - fjarsvæðis B. Einnig kemur fram að á svæðinu skal aðeins gera ráð fyrir starfsemi sem ekki hefur mengunarhættu í för með sér. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þessi skilyrði um starfsemi komi fram í skilmálum fyrir hverja einstu lóð, til þess að tryggja að mengandi starfsemi komi inn á svæðið.

Græni trefillinn

Að mati Umhverfisstofnunar er miður að gengið er á græna trefilinn og telur stofnunin að halda eigi í gróður á svæðinu eins og kostur er.

Ofanvatn

Í umfjöllun um ofanvatn bæði í kafla um skipulagssvæði og einnig í kafla um deiliskipulag Hólmsheiðar kemur fram að ofanvatn mun leitt í settjarnir til hreinsunar áður en vatn verður leitt í Hólmsá. Í umfjölluninni kemur fram að vanda skuli til alls frágangs settjarnanna og þær skuli felldar vel að landi og staðháttum. Einnig kemur fram að virkni settjarna sé fólgin í hreinsun á botnfallandi efnunum, efnunum sem fljóta upp (t.d. olíu) og þynningu mengunarefna. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfsti að koma fram í deiliskipulagi svæðisins í hverju rekstur settjarnanna er fólginn og hvar hreinsað botnfall verði urðað.

Umhverfismat

Í umhverfismati er fylgir deiliskipulagstillöggunni er tafla yfir samanburð á kostum. Þar kemur fram að bæði nállkostur og uppbygging athafnasvæðis hafi óveruleg áhrif á vatn.


Umhverfisstofnun telur að uppbygging athafnasvæðis með gatnagerð og athafnasemi sem slíku hverfi fylgir hafi meira neikvæð áhrif á vatnsbúskap svæðisins en óbreytt ástand.


Mótvægisaðgerðir svo sem settjarnir og aðrar ráðstafanir munu draga úr hinum neikvæðu áhrifum að einhverju leyti.

Vöktun

Fram kemur í umfjöllun um vöktun kemur fram að þar sem deiliskipulagssvæðið er inni á vatnsverndarsvæði – fjarsvæði B, þá sé það háð vöktun Heilbrigðiseftirlits hvað varðar vatns-, lofts- og önnur umhverfisgæði. Að mati Umhverfisstofnunar ætti grunnáætlun um vöktun að fylgja deiliskipulagsskilmálum.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun